

Fimmtudaginn 29. október 1987.

Nr. 176/1987. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Guðmundi Arnarssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Þjófnaður. Fjársvik. Skjalafals. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thorodden, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1987 að ósk ákærða að því er hann einan varðar, en meðákærðu í héraði vildu hlíta héraðsdómi. Dóminum er áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvalds.

Sakarefnum er lýst í héraðsdómi.

Misritast hefur í ákæru að útgefandi tékka nr. 344160 sé Guðm. Guðmundsson. Hið rétta er Guðni Guðmundsson. Þá segir í ákæru um tékka nr. 344155 að hann sé framseldur „af báðum ákærðu“, en hann er ekki framseldur af ákærða í máli þessu.

Eftir að héraðsdómur gekk hefur ákærði greitt að fullu þær skaðabótakröfur sem hann var dæmdur til að greiða og bætt fyrir annað tékkamisferli eins og efni stóðu til. Er þess því ekki óskað að skaðabótakröfur þær, sem dæmdar voru að efni til í héraði verði teknar til meðferðar í Hæstarétti. Koma þær því ekki til álita, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Staðfesta ber sakfellingu ákærða og heimfærslu brota hans til refsíákvæða. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Ákærði játaði greiðlega brot sín. Hann hefur samkvæmt sakavottorði ekki síðan gerst sekur um refsiverð lögbrot og bætt það tjón, sem hann olli með brotum í málinu, auk þess sem alllangt er liðið síðan brotin voru drýgð og fjölskylduhagir hans nú aðrir en þá og hann hefur stundað vinnu. Þegar þetta er virt þykir mega skilorðsbinda refsinguna þannig að hún falli niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð

57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns 20.000,00 krónur. Málsvarnarlaun eru ákveðin án söluskatts.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Arnarsson, sæti fangelsi í sex mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. apríl 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 30. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 294-297/1987: Ákærvaldið gegn X, Guðmundi Arnarssyni, Y og Z.

Málið er höfðað með ákæru dagsettri 6. nóvember sl. gegn ákærðu X..., Guðmundi Arnarssyni, nú til heimilis að Miðvangi 41, Hafnarfirði, fæddum 5. apríl 1959 í Reykjavík, Y... og Z... „fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum framin í Reykjavík, nema annað sé tekið fram, í júnímánuði 1984:

1. Ákærða Guðmundi Arnarssyni er einum gefið að sök:

1. Að hafa aðfaranótt 7. júní 1984 stolið útvarps- og segulbandstæki og tékkhefti frá Sparisjóði vélstjóra í íbúð að Hraunbæ 64 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Að nota í viðskiptum í Reykjavík eftirgreinda 5 tékka, samtals að fjárhæð kr. 26.200, sem hann gaf út til handhafa og ýmist falsaði eða gaf

út í eigin nafni á eyðublöð úr ofangreindu tékkhefti án þess að eiga innstæðu í sparisjóðnum, en tékkana framseldi hann í eigin nafni:

1) Tékki nr. 344160, að fjárhæð kr. 5.500, dagsettur 6. júní 1984, með útgefandanafnrituninni Guðm. Guðmundsson. Framseldur til banka af Vinnufatabúðinni, Laugavegi 76.

2) Tékki nr. 344157, að fjárhæð kr. 5.300, dagsettur 6/6 1984 með útgefandanafnrituninni Sverrir Erlendsson. Framseldur til banka af fyrir-tækinu Karnabæ hf.

3) Tékki nr. 344156, að fjárhæð kr. 4.200, dagsettur 6. júní 1984 með útgefandanafnrituninni Gunnar Guðmundsson. Seldur í Sparisjóði Reykja- vikur og nágrennis.

4) Tékki nr. 344158, að fjárhæð kr. 5.200, dagsettur 7. júní 1984 með útgefandanafnrituninni Guðjón Guðmund. Framseldur af ákærða og Þorsteini H. Diego. Óvíst um notkun.

5) Tékki nr. 344174, að fjárhæð kr. 6.000, dagsettur 11. júní 1984. Ákærði gaf tékkann út í eigin nafni og seldi hann á bílaleigunni Höldi sf., Skeifunni 9.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna nema sala á tékka á eyðublaði nr. 344174, sem varða við 248. gr. sömu laga.

II. Ákærðu X og Guðmundi er gefið að sök tékkafals með því að nota í viðskiptum eftirgreinda 3 tékka, samtals að fjárhæð kr. 15.664,00 sem þeir fölsuðu í sameiningu á tékkaeyðublöð úr ofangreindu tékkhefti:

1) Tékki nr. 344175, að fjárhæð kr. 6.000, dagsettur 12. júní 1984, gefinn út til handhafa, með útgefandanafninu Gísli Guðmundsson. Ákærðu framseldu báðir tékkann og framvísuðu honum í söluskyni í veitinga- staðnum Sælkeranum, Austurstræti 22.

2) Tékki nr. 344155, að fjárhæð kr. 6.544, ódagsettur, gefinn út til X, með útgefandanafninu Hannes Guðmundsson, framseldur af báðum ákærðu til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

3) Tékki nr. 344162, að fjárhæð kr. 3.100, dagsettur 7. júní 1984, með útgefandanafnrituninni Sverrir Pálsson, framseldur af ákærða X. Seldur á veitingastaðnum Pöbbum, Hverfisgötu 46.

III. Ákærðu Guðmundi og Y er gefið að sök tékkafals með því að hafa staðið saman að fölsun og sölu á eftirgreindum 6 tékkum, samtals að fjár- hæð kr. 32.900, sem ákærða Y ritaði á eyðublöð úr ofangreindu tékkhefti, en tékkarnir eru allir gefnir út til handhafa með útgefandanafnrituninni Sigurður Karlsson og framseldir af ákærða Guðmundi:

1) Tékki nr. 344166, að fjárhæð kr. 6.300, dagsettur 8. júní 1984, fram- seldur til banka vegna Skátabúðarinnar, Snorrabraut 58.

2) Tékki nr. 344171, að fjárhæð kr. 5.000, með framsalsstimpli verslun- arinnar Fossnestis á Selfossi.

3) Tékki nr. 344170, að fjárhæð kr. 3.800, dagsettur 8. júní 1980, með framsalsstimpli verslunarinnar Hafnar hf. á Selfossi.

4) Tékki nr. 344169, að fjárhæð kr. 7.800, dagsettur 8. júní 1984, með framsalsstimpli verslunarinnar Miklagarðs, Holtagörðum við Holtaveg.

5) Tékki nr. 344172, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 8. júní 1984 með framsalsstimpli Oliufélagsins hf., Suðurlandsbraut 18.

6) Tékki nr. 344165, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 8. júní 1984, með framsalsstimpli verslunarinnar Jón Loftsson hf., Hringbraut 121.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

IV. Ákærðu Guðmundi, Y og Z er gefið að sök tékkafals með því að standa saman að því að falsa og selja verslun Hagkaups, Skeifunni 15, eftirgreinda 3 tékka sem ákærða Y ritaði til handhafa á eyðublöð úr ofangreindu tékkhefti og falsaði með útgefandanafnrituninni Sigurður Karlsson:

1) Tékki nr. 344167, að fjárhæð kr. 7.200, dagsettur 8. júní 1984, framseldur af ákærða Guðmundi.

2) Tékki nr. 344168, að fjárhæð kr. 7.200, dagsettur 8. júní 1984, framseldur af ákærðu Z.

3) Tékki nr. 344173, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 6. ágúst 1984, framseldur af ákærða Guðmundi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

I.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða Guðmundar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins:

1. Aðfaranótt 7. júní 1984 sló ákærði Guðmundur eign sinni á útvarps- og segulbandstæki svo og tékkhefti frá Sparisjóði vélstjóra þá er hann var gestkomandi í íbúð að Hraunbæ 64 hér í borg. Tækinu kveðst ákærði hafa týnt skömmu síðar.

Framangreind háttsemi ákærða varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa var lögð fram vegna þessa þjófnaðar.

2. Næstu daga gaf ákærði Guðmundur út og seldi í staðgreiðsluviðskiptum þá 5 tékka, sem að allri gerð er rétt lýst í ákæru, samtals að fjárhæð kr. 26.200,00. Ákærði falsaði nafnritanir undir tékkana í liðum 2 - 4 og útfyllti þá að öðru leyti. Tékkann í lið 5 gaf hann út í eigin nafni. Hann framseldi alla tékkana nema þann í 5. lið með eigin nafni, heimilisfangi og nafnnúmeri. Ákærði taldi að X hefði útfyllt tékkann í lið 1, en um það atriði var sá síðarnefndi ekki spurður við rannsókn málsins hjá RLR. Ákærði notaði afganginn af því sem fékkst við sölu tékkanna í áfengis kaup og sukk.

Notkun ákærða á tékkunum í liðum 1 - 4 varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, en notkun hans á tékkanum í 5. lið við 248. gr. sömu laga.

Þessir hafa lagt fram skaðabótakröfur vegna ofangreindra tékka sem hér segir:

1. Vinnufatabúðin, Laugavegi 76, R., kr. 5.500,00 ásamt vöxtum og kostnaði.

2. Karnabær, Nýbýlavegi 4, Kópavogi, kr. 5.300,00 auk kostnaðar og dráttarvaxta til greiðsludags.

3. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis kr. 4.200,00 auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta frá 7. júní 1984 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Ákærði Guðmundur hefur samþykkt að greiða framangreindar skaðabótakröfur og verður hann dæmdur til að greiða höfuðstól ofangreindra krafna. Þá greiði hann Vinnufatabúðinni og Karnabæ dómvexti af höfuðstólnum frá 15. júní 1984 til 14. apríl 1987, en frá þeim degi til greiðsludags almenna vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, svo og Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis dómvexti af höfuðstólnum frá 7. júní 1984 til 14. apríl 1987 en frá þeim degi til greiðsludags almenna vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

II.

Þann 14. júní 1984 kom á lögreglustöðina við Tryggvagötu í Reykjavík Gils Harðarson, veitingastjóri á Sælkeranum, og framvísaði ávísun úr ofangreindu tékkhefti á Sparisjóð vélstjóra að fjárhæð kr. 6.000,00. Tékkinn var ritaður á eyðublað nr. 344175, dagsettur þann 12. sama mánaðar, gefinn út til handhafa með nafninu Gíslí Guðmundsson, en framseldur með nafni ákærðu Guðmundar og X.

Gils kvaðst þekkja X og hefði hann komið ásamt öðrum manni daginn áður og keypt veitingar fyrir kr. 1.687,00 og framvísað ofangreindum tékka, en þeim var tjáð að tékkinn yrði ekki tekinn sem greiðsla. Reyndu þeir þá að skipta tékkanum í nágrenninu en án árangurs. Afgreiðslustúlka á veitingastaðnum tók við tékkanum og bað ákærðu að koma daginn eftir og leysa hann til sín. Lögreglumenn handtóku ákærða X skömmu síðar í Austurstræti og kvaðst hann hafa framselt tékkann og ritað nafn sitt á hann.

Ákærði Guðmundur hefur játað að hann hafi framselt tékkann með sínu nafni og jafnframt beðið ákærða X að útfylla framhlið hans. Þeir hafi m.a. reynt að selja tékkann í Sælkeranum.

Ákærði X hefur játað að hann hafi framselt tékkann með eigin nafni og framvísað honum til greiðslu í veitingastaðnum Sælkeranum. Starfsfólk

þar hafi ekki viljað taka við tékkanum sem greiðslu, en geymt hann, því hann hafi lofað að koma daginn eftir og leysa tékkann út með því að greiða skuldina. Það hafi hann hins vegar ekki gert vegna fjárskorts. Hann hafi fengið tékkann hjá Guðmundi en viti ekki hver hafi útfyllt hann. Hann hafi látið Guðmund framselja tékkann í þeirri trú að allt væri í lagi með tékkann. Hann vildi ekki tjá sig um framburð meðákærða.

Þann 7. sama mánaðar seldi ákærði X í Sparisjóði Reykjavíkur tékka úr sama hefti, eyðublað nr. 344155, að fjárhæð kr. 6.544,00, ódagsettan, gefinn út til hans með útgefandanafninu Hannes Guðmundsson. Ákærði X framseldi tékkann með eigin nafni.

Ákærði Guðmundur hefur játað að hann hafi útfyllt framhlið tékkans og afhent hann X, sem seldi hann í Sparisjóði Reykjavíkur. Þeir hafi báðir notað andvirði tékkans í áfengissukk.

Ákærði X hefur játað að hann hafi selt ofangreindan tékka, sem hann vissi að meðákærði hefði falsað. Andvirðið hafi þeir notað sameiginlega í sukk.

Ákærði Guðmundur hefur játað að hann hafi útfyllt tékka úr sama tékkhefti á eyðublað nr. 344162, að fjárhæð kr. 3.100,00, með útgáfudeginum 7. júní 1984, gefinn út til handhafa með útgefandanafninu Sverrir Pálsson. Tékkinn var seldur í veitingahúsinu Pöbbum, sem rekinn er af fyrirtækinu Gagni og Gamni hf., Hverfisgötu 46, R., og framseldur með nafni X. Ákærði Guðmundur hefur borið að hann telji að meðákærði X hafi selt tékkann í veitingahúsinu, en þar voru þeir saman. Hann sé þó ekki viss hvort það hafi verið þessi tékki, en þeir hafi selt einn tékka úr heftinu þar.

Ákærði Bjarni Leifur hefur neitað að hann hafi framselt eða selt þennan tékka.

Með játningu ákærðu, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu telst sannað að þeir stóðu saman að sölu tékkanna tveggja í 1. og 2. lið þessa kafla ákæru. Ákærði X hlaut að renna grun í að tékkinn í 1. lið væri falsaður, enda hafði hann ásamt meðákærða viku áður selt tékkann í 2. lið sem var úr sama tékkhefti, en hann vissi að sá tékki var falsaður. Varðar þessi háttsemi þeirra beggja við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Hins vegar þykir gegn eindreginni neitun ákærða X varhugavert að telja sannað að hann hafi framselt tékkann í 3. lið eða að hann hafi notað hann í viðskiptum svo sem honum er gefið að sök í ákæru, enda liggur ekki fyrir sérfræðialit um nafnritunina á framsali tékkans. Verður hann því sýknaður af þessum lið ákæru. Ákærði Guðmundur hefur hins vegar játað að hann hafi falsað tékkann og að hann hafi selt einn tékka ásamt meðákærða á þeim stað sem tékkinn var seldur. Þykir því sannað að hann hafi með þessari háttsemi gerst brotlegur við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Í ákæruskjali hefur láðst að heimfæra brot ákærðu til refsíákvæða. Þar sem lýsing á brotum ákærða er skilmerkileg og vörn hefur ekki verið áfátt að því er þetta varðar þykir þó mega leggja efnisdóm á þennan kafla ákæru.

Við meðferð málsins fyrir dómi greiddi ákærði X Sælkeranum, Austurstræti 22, R., skaðabótakröfu að fjárhæð kr. 1.687,00 auk vaxta.

Fyrirtækið Gagn og Gaman hf., Hverfisgötu 46, R., hefur lagt fram skaðabótakröfu vegna ofangreinds tékka að fjárhæð kr. 3.100,00 og krafist þess að útgefandi og framseljandi hans verði dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar, og verður ákærði Guðmundur dæmdur til greiðslu hennar.

III.

Ákærði Guðmundur fékk ákærðu Y svo sem bæði hafa játað, til þess að útfylla fyrir sig 6 tékka úr ofangreindu hefti, samtals að fjárhæð kr. 32.900,00. Falsaði ákærða Y nafnið Sigurður Karlsson sem útgefanda tékkanna og ritaði undir nafnið ýmis nafnnúmer. Valdi hún reikningsnúmer af handahófi. Á alla tékkana er útgáfudagur ritaður 8. júní 1984, nema tékkann í 3. lið, en þar hefur ártalið 1980 verið misritað í stað ártalsins 1984. Allir tékkarnir eru gefnir út til handhafa. Fjárhæð þeirra er rétt lýst í ákæru.

Ákærði Guðmundur hefur játað að hann hafi selt alla tékkana í staðgreiðsluviðskiptum á þeim stöðum sem lýst er í ákæru og framselt þá alla með eigin nafni, nafnnúmeri og heimilisfangi. Tékkarnir eru allir sýndir í banka 12. sama mánaðar, nema einn þann 15. sama mánaðar. Afganginn, sem fékkst til baka við sölu tékkanna, notaði ákærði til kaupa á áfengi fyrir þau ákærðu Y og fleira fólk.

Ofangreind háttsemi ákærðu beggja varðar við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Þessir hafa lagt fram skaðabótakröfur vegna framangreindra tékka:

1. Skátabúðin, Snorrabruat 60, R., kr. 6.300,00.
2. Fossnesti, Austurvegi 46, Selfossi, kr. 5.000,00 auk hæstu leyfilegu dráttarvaxta frá 15. júní 1984.
3. Verslun Kaupfélagsins Höfn, Selfossi, kr. 3.800,00 ásamt hæstu lögleyfðum dráttarvöxtum frá 8. júní 1984 til greiðsludags.
4. Mikligarður sf. v/Holtaveg, R., kr. 7.800,00 ásamt hæstu lögleyfðum vöxtum.
5. Óliufélagið hf. kr. 5.000,00 ásamt vöxtum og kostnaði að skaðlausu.

Ákærðu hafa bæði samþykkt að greiða framkomnar bótakröfur, og verða þau dæmd til að greiða óskipt höfuðstól krafanna. Þá eru þau einnig dæmd til að greiða dómvexti af kröfunni í 2. lið hér að framan frá 15. júní 1984 til 14. apríl 1987, en almenna vexti skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, dómvexti af höfuðstól kröfunnar

í 3. lið frá 12. júní 1984 til 14. apríl 1987 en almenna vexti frá þeim degi til greiðsludags, dómvexti af höfuðstól kröfunnar í 4. lið frá 20. júní 1984 til 14. apríl 1987 en almenna vexti frá þeim degi til greiðsludags og loks dómvexti af kröfunni í 5. lið frá 4. júlí 1984 til 14. apríl 1987, en almenna vexti frá þeim degi til greiðsludags.

IV.

Ennfremur fékk ákærði Guðmundur ákærðu Y, svo sem bæði hafa játað, til þess að útfylla fyrir sig þrjá tékka úr sama tékkhefti og að framan greinir, samtals að fjárhæð kr. 19.400,00. Er gerð tékkanna að öllu leyti rétt lýst í þessum kafla ákæru.

Ákærði Guðmundur framseldi tékkana í 1. og 3. lið með eigin nafni og seldi þá báða í júnímánuði í versluninni Hagkaupum, Skeifunni 15, R.

Ákærðu Guðmundur og Y hafa bæði borið að þau hafi notað peningana, sem fengust til baka við sölu tékkanna, til kaupa á áfengi fyrir þau og aðra. Þau voru ekki að því spurð við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu hvort meðákærða Z var einnig viðriðin sölu tékkanna eða hvort hún naut góðs af andvirði því sem fyrir þá fékkst, og fyrir dómi gátu þau ekki um það borið. Ákærða Z kannast hvorki við að hún hafi verið með meðákærða Guðmundi þegar hann seldi ofangreinda tékka í 1. og 3. lið né að hún hafi notið góðs af sölu þeirra, en játar hins vegar að hún hafi selt tékkann í 2. lið í júnímánuði í verslun Hagkaupa þrátt fyrir vitneskju sína um að tékkinn var falsaður, og andvirðið hafi þau Guðmundur notað í eigin þágu.

Samkvæmt því sem að framan greinir er sannað að ákærðu Guðmundur og Y stóðu saman að fölsun ofangreindra þriggja tékka sem ákærði Guðmundur og ákærða Z seldu og nutu góðs af andvirðinu og hafa ákærðu Guðmundur og Y með því gerst sek um brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar þykir ekki sannað að ákærða Z hafi staðið að fölsun eða sölu tékkanna í 1. og 3. lið, svo sem henni er gert að sök í ákæru, heldur einvörðungu að því er varðar sölu á tékkanum í 2. lið. Varðar sú háttsemi hennar við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Verslunin Hagkaup hefur lagt fram skaðabótakröfu vegna ofangreindra tékka samtals að fjárhæð kr. 19.400,00. Er þess krafist að útgefandi tékkanna greiði kröfuna.

Ákærðu Guðmundur og Y stóðu saman að útgáfu tékkanna. Verða þau því dæmd til að greiða framangreinda skaðabótakröfu óskipt, enda hafi þau bæði samþykkt kröfuna. Hins vegar seldi ákærða Z tékkann í 2. lið, svo sem að framan greinir, en stóð ekki að útgáfu tékkans. Verður hún því ekki dæmd ásamt meðákærðu, svo sem kröfunni er háttað, til greiðslu skaðabóta að því er þennan tékka varðar.

Sakarferill ákærðu:

— — —

Ákærða Guðmundar:

Frá árinu 1975 hefur hann gengist 11 sinnum undir dómsátt. Í engu þessara tilvika var um hegningarlagabrot að ræða. Þá hefur hann hlotið þessa refsidóma:

1977 29/4 4 mánaða fangelsi skb. í 2 ár fyrir þjófnað, nytjastuld, ölvun og réttindaleysi við akstur. Sviptur ökuleyfi í 1 ár.

1978 19/5 120.000,00 g.kr. sekt fyrir líkamsárás (217. gr. alm. hgl.).

— — —

Viðurlög:

— — —

Refsing ákærða Guðmundar þykir með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi. Þar sem brot hans eru stórfelld og hann hefur ekki bætt fyrir þau þykir ekki fært að skilorðsbinda refsingu hans.

— — —

Þá er ákærði X dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, Braga Sigurðssyni hdl., kr. 10.000,00 í málsvarnarlaun.

Annar sakarkostnað greiði ákærðu öll óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði X sæti 30 daga fangelsi.

Ákærði Guðmundur Arnarsson sæti 4 mánaða fangelsi.

Ákærða Y sæti 3 mánaða fangelsi.

Ákærða Z sæti 30 daga fangelsi.

Fresta skal fullnustu refsinga ákærðu Y og Z í 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi þær hvor um sig almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði Guðmundur greiði eftirtöldum skaðabætur:

1. Karnabæ, Nýþýlavegi 4, Kópavogi, kr. 5.300,00 auk dómvaxta frá 15. júní 1984 til 14. apríl 1987, en frá þeim degi almenna vexti til greiðsludags.

2. Vinnufatabúðinni, Laugavegi 76, R., kr. 5.500,00 ásamt dómvöxtum frá 15. júní 1984 til 14. apríl 1987, en frá þeim degi almenna vexti til greiðsludags.

3. Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, kr. 4.200,00 ásamt dóm-

vöxtum frá 7. júní 1984 til 14. apríl 1987, en frá þeim degi almenna vexti til greiðsludags.

4. Gagni og Gamni, Hverfisgötu 46, R., kr. 3.100,00.

Ákærðu Guðmundur og Y greiði eftirtöldum óskipt:

1. Skátabúðinni, Snorrabraut 60, R., kr. 6.300,00.

2. Fossnesti, Austurvegi 46, Selfossi, kr. 5.000,00 ásamt dómvöxtum frá 15. júní 1984 til 14. apríl 1987, en almenna vexti frá þeim degi til greiðsludags.

3. Verslun Kaupfélagsins Hafnar, Selfossi, kr. 3.800,00 ásamt dómvöxtum frá 12. júní 1984 til 14. apríl 1987, en almenna vexti frá þeim degi til greiðsludags.

4. Olíufélaginu hf. kr. 5.000,00 ásamt dómvöxtum frá 4. júlí 1984 til 14. apríl 1984, en almenna vexti frá þeim degi til greiðsludags.

5. Miklagarði sf. við Holtaveg, R., kr. 7.800,00 ásamt dómvöxtum frá 20. júní 1984 til 14. apríl 1987, en almenna vexti frá þeim degi til greiðsludags.

6. Versluninni Hagkaupum, R., kr. 19.400,00.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Braga Sigurðssyni hdl., kr. 10.000,00 í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.
